

Reykjavík, 20. nóvember 2006

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd, 238. mál

Með bréfi dags 15. nóvember 2006 er óskað umsagnar Olíudreifingar ehf um ofangreint mál.

Félagið vill ítreka þá meginathugasemd félagsins við lögina sem komið var á framfæri þegar lögina voru sett upphaflega, en hún varðar staðsetningu málsins innan stjórnarsýslunnar. Félagið telur að yfirstjórn málsins eigi að falla undir Dómsmálaráðherra og Ríkislögreglustjóra, en ekki Samgönguráðherra og Siglingastofnun Íslands. Sérstaklega á þetta við í ljósi þess að dómsmálaráðherra hefur boðað að sett skuli á fót eining innan Ríkislögreglustjóra sem eigi að greina aðsteðjandi hættur og sinna forvörnum, sem er einnig tilgangur siglingaverndarinnar.

Það er hlutverk lögreglunnar að halda uppi lögum og reglu í landinu og vernda líf, limi og eigur borgaranna. Sú sérfræðipækking og alþjóðasamskipti á þessu sviði sem Ríkislögreglustjóri hefur fellur beint að þessu máli, enda hefur hann í mörgum tilfellum heldur enga heimild til að veita upplýsingum sem varða málaflokkinn til annarra aðila eða stofnanna, hvorki á undirbúningsstigi og þaðan af síður á framkvæmdastigi. Siglingastofnun Íslands getur verið Ríkislögreglustjóra til aðstoðar og ráðgjafar um ýmis mál, eins og samskipti við IMO, Alþjóða siglingamálastofnunina, en einnig væri heppilegra að Siglingastofnun Íslands væri ekki yfirvald í málaflokknum þar sem hún gæti þá sinnt hefðbundnu ráðgjafahlutverki sínu við hafnir landsins eins og í öðrum málum er undir stofnunina falla, eins og við gerð hafnarmannvirkja og sparað þannig miklar fjárhæðir með samræmdri ráðgjöf. Í frumvarpinu er að hluta til tekið undir þetta sjónarmið, þegar Ríkislögreglustjóra er gefin skýrt umboð til að setja vástig, án umsagnar annarra aðila.

Í 5. grein er gert ráð fyrir að Siglingastofnun sé falið vald til yfirtaka hafnir með heimild til að takmarka aðgang að hafnarsvæðum. Með þessu er Siglingastofnun fært vald sem lögreglan hefur í dag og á eðlilega heima þar. Þessi breyting getur ekki annað skapað hættu á ágreiningi og árekstrum milli aðila.

Félagið fagnar því að ekki skuli lengur skylt að taka sérstakt gjald vegna siglingaverndar.

Ef athugasemdir eða spurningar vakna við umsögn þessa, vinsamlegast hafið samband.

Virðingarfyllst,
f.h. Olíudreifingar ehf.,

Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi